



Aðalfundur SAMKÓP, samtaka foreldrafélaga í Kópavogi 2020

Dagsetning: 30. nóvember 2020

Tími: 20:00

Staðsetning: Fjarfundur á Teams, [fundarboð](#)

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Skipan fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar varðandi verkefni liðins starfsárs
4. Umræður um skýrslu stjórnar
5. Ársreikningur samtakanna fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar, ásamt áritun skoðunarmanna.
6. Lagabreytingar
 - *Lagt er til að einfalda stjórnina – þar eigi hvert aðildarfélag sinn fulltrúa í stjórn, ef atkvæði falla jöfn gildir atkvæði formanns tvöfalt. Ekki þarf lengur að kjósa í stjórn, aðeins um formann og svo skiptir stjórn með sér verkum.*
 - 4. grein
Aðild að SAMKÓP eiga foreldrafélög allra skólastiga í Kópavogi. Aðilar greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi og er miðað við eitt árgjald á hvert aðildarfélag. Foreldrasamfélag hvers skóla tilnefni einn fulltrúa og annan til vara í stjórn ~~fulltrúaráð~~ SAMKÓPS til tveggja ára. ~~Fulltrúaráð SAMKÓP er skipað stjórnnum aðildarfélaga.~~ Ráðið kemur saman einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir. Foreldrafélög skulu leitast við að eiga fulltrúa á öllum þeim fundum sem SAMKÓP boðar til, hvort sem um er að ræða aðalfund, samráðsfund, fræðslufund eða aðra fundi. ~~Jafnframt geta skólar, sem ekki eiga fulltrúa í stjórn eða varastjórn SAMKÓP, óskað eftir að eiga áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum samtakanna.~~
 - 6. grein, liður 7
Kosningar (Formaður er kosinn til tveggja ára. Formaður skal ekki sitja lengur en 4 ár í senn. ~~Tveir aðalmenn af fjórum eru kosnir til tveggja ára.~~ Einn skoðunarmaður af tveimur kosinn til tveggja ára. ~~Að minnsta kosti 2 varamenn eru kosnir til eins árs.~~)
 - 7. grein
Stjórn SAMKÓP skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera, ~~tveim meðstjórnendum og að minnsta kosti tveim varamönnum sem kosnir eru á aðalfundi~~ og meðstjórnendum. Kjósa skal sérstaklega formann á aðalfundi en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil er tvö ár. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal



kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Ef atkvæði falla jöfn á stjórnarfundum gildir atkvæði formanns tvöfalt.

- 8. grein
Stjórn skal skipa fulltrúa foreldra í **skólanefnd** menntaráð Kópavogs og annan til vara. **Skólanefndarfulltrúi** Menntaráðsfulltrúi skal ekki sitja lengur en 4 ár í senn. Fulltrúi foreldra starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er á aðalfundi.
- 7. Kosningar
 - Núverandi lög: (Formaður er kosinn til tveggja ára. Formaður skal ekki sitja lengur en 4 ár í senn. Tveir aðalmenn af fjórum eru kosnir til tveggja ára. Einn skoðunarmaður af tveimur kosinn til tveggja ára. Að minnsta kosti 2 varamenn eru kosnir til eins árs.)
 - Lagatillaga: (Formaður er kosinn til tveggja ára. Formaður skal ekki sitja lengur en 4 ár í senn. Einn skoðunarmaður af tveimur kosinn til tveggja ára.)
- 8. Árgjald ákveðið.
- 9. Önnur mál.
- 10. Fundi slitið.